


 **Álafoss**[®]
of Iceland



Þröðstírnigjan GRAFIK hf.

LOPI

156



 **ÁLAFOSS**
of Iceland



Peysa

Stærðir:	36/38	(40)	42/44	(50)	54
Ermlengd:	ca.	45	48	(52)	54 cm.
Yfirvadd:	ca.	86	98	(105)	111 cm.
Bollengd:	ca.	40	43	(45)	48 cm.

Efni: Hespulopi eða pefaldur plüturopi.

Hvitt (saubvart)	500	(500)	500	(600)	600 gr.
Saubvart (hvítt)	200	(200)	300	(300)	300 gr.
Mórautt (grátt)	100	(100)	100	(100)	100 gr.

Hringprjónar nr. 6, 40 og 70 cm. Langir. Hringprjónar nr. 5, 40 og 70 cm. Langir. Sökkaprjónar nr. 4. Í jakka, 7 hnappar og heklunál nr. 4.

Prjónafesta: 13 L og 18 umf. = 10 x 10 cm. Í þvermál. Ef rétt prjónafesta næst ekki verður að skipta um prjónastærð eins og við á.

Skammstafarir: L = lykka, sl. = slétt, br. = brugðið, prj. = prjónar(ið), umf. = umferð, nr. = númer.

Þeyra:

Bolar: Fitjið upp með langa prj. nr. 4 með svörtu (hvítu), 102 (110) 118 (126) 134 L Tengid saman í hring og miðid við að samskeytin séu í vinstri hlið og prj. brugðingun, 1 L sl. og 1 L br. 5 (6) 6 (7) 7 cm. Skiptið yfir á prj. nr. 6 og prj. 1 umf. sl. með svörtu (hvítu) og aukid jafnt út í 112 (120) 128 (136) 144 L. Prj. myndar nr. I og slóan sl. með hvítu (svörtu) þar til bolur málst 40 (41) 43 (45) 48 cm. Geymið þá bol og prj. ermar.

Ermar:

Fitjið upp á sökkprj. nr. 4 með svörtu (hvítu) 30 (32) 32 (34) 34 L, tengid saman í hring og prj. brugðingun 1 L sl og 1 L br. 5 (6) 6 (7) 7 cm. Skiptið yfir á erma-prj. nr. 6. Prj. 1 umf. sl. með svörtu (hvítu) og aukid jafnt út í 32 (40) 40 (40) 40 L. Prj. myndar nr. I og slóan með hvítu (svörtu). Aukid út í 8. hverri umf. 2 L (1 L á eftir 1. L og 1 L á undan slóustu L í umf.), alls 6 (2) 4 (4) 5 sinnum. Verða þá á prj. 44 (44) 48 (48) 50 L. Prj. þar til ermin málst 45 (46) 48 (52) 54 cm. Setjið þá 10 (10) 10 (10) 11 L upp á þráð undir miðri ermi, geymið ermína og prj. hina ermína eins.

Axlastykki:


Sameinið ermar og bol þannig: Byrjið á því að setja 10 (10) 10 (10) 11 L á miðju samskeyti á þráð, prj. fyrri ermína inn í vikid, prj. slóan 46 (50) 54 (58) 61 L setjið aftur 10 (10) 10 (10) 11 L á þráð, prjónid ermi inn og prj. að lokum 46 (50) 54 (58) 61 L eru ná á prj. 160 (168) 184 (192) 200 L. Prj. ná myndar II eftir teikn. Á stærð nr. 54 er bært við einni saubvartari (hvítri) umf. eftir 11. umf. Örtaka byrjar í 12. umf., er þá prj. saman 7. og 8. hver L með saubvörtu (hvítu), önnur árt. er gerð í 19 umf. er þá prj. saman 6. og 7. hver L með saubvörtu (hvítu). Á stærðum 50 og 54 er bært við einni umf. með saubvörtu (hvítu) eftir 19. umf. Í 25. umf. er 5. og 6. hver L prj. saman svötr (hvít). Í 27. umf. eru 4. og 5. hver L prj. saman. Á stærðum 42/44 - 50 - 54 er 28. umf. endurt. Í 29. umf. er 3. og 4. hver L prj. saman, saubsv. (hvít) og að lokum í 31. umf. er 2. og 3. hver L prj. saman saubsv. (hvít). Er ná prj. 1 umf. saubsv., skipt yfir á ernaprj. nr. 4 og L fækkað í 50 (52) 54 (54) 56 og prj. brugðingun 1 L sl. og 1 L br. alls 18 (18) 20 (20) 22 umf. Fellid þá laust af í brugðingun.

Jakki:

Jakinn er prj. eins og peysan að öðru leiti en því að brugðingun er prj. fram og aftur og tengt saman í hring í 1. umf eftir brugðingun, og samskeytin höfð beint að framan. Er 1. L prj. br. alla leið upp til að klippa upp á eftir.

Þegar komið er að handveg er prj. þannig. Prj. 1. L br., prj. slóan 22 (24) 26 (28) 30 L. Setjið þá inn fyrri ermína eins og á peysunni. Prj. 47 (51) 55 (59) 61 L, setjið seinni ermína inn og prj. 22 (24) 26 (28) 30 L. Prj. axlastykkið eins og á peysu. Eftir axlastykki er skipt yfir á ernaprj. nr. 6 og myndar nr. III prj. í 2. umf. er L fækkað í 48 (48) 52 (52) 56. Eftir 10. umf. er skipt yfir á ernaprj. nr. 4 og prj. 10 al. umf. með saubsv. (hvítu). Fellid af (laust).
Saumið í saumavél 2 sauma sitt hvoru megin við br. L. Klippið upp á milli þeirra og Heklið Fastamöskva í aðra hverja L og yfir 1 L (1. umf. nokkuð laus) upp á kraga. Brj-ótið kragann tvöfalda og heilið í hverja L til baka. Í 3. umf. eru gerð 7 hnappaótt á loftlykkjur og hlaupa yfir 1 L. Neðsta hnappaóttið er gert eftir 1. L að neðan, og það efsta yfir næst slóustu L að ofan. Heklið vinstri boðang eins. 4. umf. er höfð saubsv. (hvít). Byrjið á hægri boðang að neðanverðu. Þegar að hálsmáli kemur er líka heklid í kring um það, í hverja L og niður vinstri boðang. Gangid frá lausum endum, lykkið saman undir höndum og festid hnappa í.
Þvið jakkann sé hann úr plüturopa en pressið sé hann úr hespulopa, þó ekki brugðingur. Brjótis kragann á heilu peysunni tvöfalda inn og varpið laust niður á röngunni.

Hönnun: Alafoss h.f.



- Efni:**
- × = Saubvart (52).
 - = Hvít (51).
 - = Mórautt (53).
 - × = 2 l. saman.
 - = Eyða.